



Viðskiptadeild HA

Tilvísanakerfi og heimildaskráning  
við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

Háskólinn á Akureyri  
September 2004

## Inngangur

Leiðbeiningar þessar fjalla um tilvísanakerfi og heimildaskráningu nemenda við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri (HA).

Gildistími leiðbeininganna er frá og með 16. september 2004.

Þrjú tilvísunarkerfi eru algengust í fræðiritum: (a) nafna og ár kerfið (Harvard-kerfið – APA-kerfið), (b) tölusetningarkerfi þar sem vísanir í texta eru tölusettar og heimildum raðað eftir stafrófsröð í heimildaskrá og (c) tölusetningarkerfi þar sem vísanir í texta eru tölusettar og heimildum raðað í heimildaskrá eftir röð vísana í meginmáli.

Í Viðskiptadeild HA skal stuðst við nafna og ár kerfið eins og það er útskýrt í ritinu *Gagnfræðakver handa háskólanemum* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson (2002 – þriðja útgáfa). Í APA-kerfinu er meginreglan að tilvísun er í sviga í meginmáli (Porter, 2001), eða eins og fram kemur hjá Porter (2001). Þegar vísað er í fleiri en eina heimild eftir sama höfund frá sama ári skal auðkenna heimildir með a, b, c, o.s.frv., t.d. (Porter, 2004a, Porter 2004b).

## Reglur Viðskiptadeildar HA

Í Viðskiptadeild HA gilda nokkur frávík frá APA-kerfinu eins og því er lýst í *Gagnfræðakverinu*:

1. Í verkefnum sem **unnin eru í fyrirtækjum og stofnunum** er heimilt að skrá heimildir neðanmáls. Dæmi.<sup>1</sup>
2. Í öllum tilvísunum í **prentaðar heimildir** skal geta um blaðsíðutal, enda er um nemendaverkefni að ræða og kennari þarf að kanna leikni nemenda í meðferð frumheimilda. Tilvísanir í prentaðar heimildir skulu því vera þannig að getið er um *höfund/ritstjóra, útgáfuár og blaðsíðu sem vísað er til* (Porter, 2001, bls. 100-102), eða ...Porter (2001, bls. 100-102).
3. **Viðtöl og munnlegar heimildir** (símtöl, tölvupóstur, fyrirlestrar) skulu skráðar í heimildaskrá. Tilvísun í viðtal skal vera með eftirfarandi hætti: (Jón Jóhannsson, munnleg heimild, 13. desember 2001). Skráning viðtala í heimildaskrá: Nafn, starfsheiti, (fæðingarár – þegar það á við), ártal, umræðuefni, staður

---

<sup>1</sup> Porter 2001, bls. 102-103.

viðtals og dagsetning. Dæmi. Jón Jóhannsson, starfsmannastjóri ÚA. (f. 1959), (2001). *Starfsmannamál hjá ÚA*. Viðtal tekið í ÚA, 13. desember.

4. **Netheimildir** skulu almennt skráðar í heimildaskrá þannig að getið sé um höfund/stofnun og ártal í meginmáli (Hagstofa Íslands, 2004). En í heimildaskrá skal getið um höfund/stofnun, heiti síðu, hvenær síða var sótt og vefslóð. Dæmi: Hagstofa Íslands (2001). Vinnumarkaður. Sótt 21. september 2004 af <http://www.hagstofa.is/vinnumarkaður.html> - Sjá nánar í *Gagnfræðakveri* bls. 91-95.
5. **Gæði heimilda** eru ólík eftir birtingarformi. Nemendur Viðskiptadeildar skulu temja sér að vísa til áreiðanlegustu heimildanna, sem eru ritrýnd tímarit og bækur útgefnar hjá viðurkenndum bókaforlögum. Kanna þarf vel áreiðanleika heimilda á Netinu, sem getur verið mjög mikill, t.d. þegar um opinbera stofnun er að ræða, en oft á tíðum lítill þegar um ræðir óþekktan höfund. *Kennarar ætlast yfirleitt ekki til að glósur og ljósrituð blöð úr fyrirlesturum séu notuð sem heimildir. Þess vegna skal ekki vísa til þeirra nema þegar önnur ráð duga ekki og þá einungis með leyfi höfundar. Þess í stað eiga nemendur að vitna til frumheimilda sem eru mun betri heimildir.*

## Tilvísanir í heimildir

Í Viðskiptadeild skulu tilvísanir vera með eftirfarandi hætti í meginmáli:

- Í prentuðum ritum: Höfundur/ritstjóri, ártal, bls. (Porter, 2001, bls. 100-102).
- Í vefheimildum: Höfundur/stofnun, ártal. (Hagstofa Íslands, 2001).
- Í viðtölum: Nafn, munnleg heimild, dagsetning (Jón Jóhannsson, munnleg heimild, 13. janúar 2002).

Í verkefnum unnum í fyrirtækjum og stofnunum er heimilt að skrá heimildir neðanmáls eftir sömu reglum og fyrr eru nefndar. Dæmi.<sup>2</sup> Tilvísanir neðanmáls má einnig nota til að útskýra frekar ýmis atriði sem falla ekki vel að megintexta, dæmi.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Porter 2001, bls. 100-102; Hagstofa Íslands, 2001; Jón Jóhannsson, munnleg heimild, 13. desember 2001.

<sup>3</sup>Hagstofa Íslands, 1961. Þessar heimildir eru ekki mjög áreiðanlegar og því verður að taka niðurstöðum með fyrirvara.

## Heimildaskrá

Í heimildaskrá er einungis getið um þá höfunda, viðmælendur og verk sem höfundur vísar til í ritsmíð sinni. Heimildaritum er raðað í heimildaskrá eftir stafrófsröð höfunda þeirra, eða heiti stofnana og fyrirtækja ef ekki er getið um höfund. Þegar íslenskir og erlendir höfundar koma fyrir í heimildaskrá kemur nafn með brodduðum staf strax á eftir nafni með óbrodduðum staf (A, Á o.s.frv.).

Æskilegt er að nemendur sundirliði heimildarskána í ritaðar-, rafrænar- og munnlegar heimildir.

Hér að neðan verða gefin nokkur dæmi um skráningu heimilda í heimildaskrá, en frekari upplýsingar er að finna í *Gagnfræðakveri*.

### Hvernig skal geta bóka?

*Einn höfundur:*

Gallie, D. (1978). *In Search of the New Working Class*. Cambridge: Cambridge University Press.

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1987). *Samtök bókagerðarmanna í 100 ár*. Reykjavík: Þjóðsaga.

*Tveir höfundar:*

Knights, D. og Willmott, H. (1990). *Labour Process Theory*. London: Macmillan.

Sæmundur Hafsteinsson og Jóhann Ingi Gunnarsson (1990). *Sjálfsstjórn og heilsa*. Reykjavík: Iðnskólaútgáfan – Iðnú.

*Bók sem er ritstýrt:*

Ingi Rúnar Eðvarðsson (Ritstj.). (2001). *Bright Summer Nights and Long Distances: Rural and Regional Development in the Nordic-Scottish Context*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

### Hvernig skal getið tímaritsgreina?

*Fræðileg tímarit:*

Becker, G. S. (1992). Human Capital and the Economy. *Proceedings of the American Philosophical Society*, 1, 85–92.

*Tímarit almenns eðlis:*

Hjördís Smith (1992, júlí). Matur. *Heimsmynd*, bls. 44-46.

*Blaðagreinar:*

Jón Jónsson (2002, 4. janúar). Um virkjanir á hálendinu. *Morgunblaðið*, bls. 10.

### **Hvernig skal getið skýrslu?**

Hagstofa Íslands (1998). *Landshagir 1998*. (Hagskýrslur Íslands III, 59.). Reykjavík:

Hagstofa Íslands.

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1999). *Háskólamenntun og búseta: Bráðabirgðaskýrsla*.

Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

### **Hvernig skal getið netheimilda?**

Sjá bls. 3 og nánar í *Gagnfærðakveri handa háskólanumum*.